
Innlegg í stefnumótun í opinberu húsnæðiskerfi

Startlán Husbanken

2017:1

Skipaður hefur verið verkefnahópur innan Íbúðalánasjóðs sem skila mun stjórnvöldum reglulega stuttum samantektum, sem innlegg í stefnumótun á húsnæðismarkaði og mótun húsnæðisstefnu. Einnig mun hópurinn koma með tillögur þar sem við á að lausnum varðandi mikilvæg viðfangsefni á húsnæðismarkaði. Verkefnið er hluti af stefnumótun hins opinbera á húsnæðismarkaði og innlegg í gerð húsnæðisstefnu.

Þessari skýrslu er ætlað að veita yfirsýn yfir startlán Husbanken í Noregi og stefnu og framtíðarsýn í norsku húsnæðiskerfi.

Ábyrgð: Hermann Jónasson forstjóri

Verkefnahópur:

Hrafnhildur Sif Hrafnisdóttir, verkefnisstjóri

Sigrún Ásta Magnúsdóttir

Guðmundur Sigurfinnsson

Una Jónsdóttir

Þetta skjal byggir á upplýsingum af vef husbanken.no, samtali við Alejandro Vargas ráðgjafa hjá Husbanken (alejandro.vargas@husbanken.no) og gögnum frá Torstein Syvertsen ráðgjafa hjá Husbanken (torstein.syvertsen@husbanken.is).

Útgefið 11. maí 2017

Efnisyfirlit

1. Almennar upplýsingar um húsnæðisstefnu í Noregi	4
2. Husbanken	6
3. Startlán	10
3.1 Umsóknarferli	10
3.2 Umsóknareyðublað	11
3.3 Tölfræðigögn	14
4. Vinnsla umsókna um startlán	13
5. Tölfræðigögn um startlán	14
6. Aðrar lánaafurðir Husbanken	17
6.1 Grunnlán	17
6.2 Húsnæðisbætur	19
6.2.1 Útreikningur húsnæðisbóta	20
6.2.2 Útgjöld í útreikningi húsnæðisbóta	21
6.3 Húsnæðisstyrkur (tilskudd til tilpasning)	22
6.4 Húsnæðisstyrkur (tilskudd til etablering)	22
6.5 Styrkir til að setja upp lyftur	22
7. Greining á hvaða tekjuhópar standast greiðslumat fyrir startlán	23

1. Almennar upplýsingar um húsnæðisstefnu í Noregi

Framtíðarsýn í norskri húsnæðisstefnu er að bjóða upp á öruggt og viðeigandi húsnæði fyrir alla.

Norska húsnæðiskerfið

Þrjú lykilaðilar starfa saman til að veita Norðmönnum húsnæði; ríkisstjórnin, sveitarfélög og einkaaðilar/fyrirtæki:

- Ríkisstjórnin og Alþingi ákvarða markmið húsnæðisstefnunnar: setja lög, regluramma og veita fjármálaumhverfinu aðhald.
- Husbanken framkvæmir stefnu stjórnvalda, veitir lán, styrki og ráðgjöf og hefur frumkvæði að rannsóknum og þróun húsnæðismála.
- Sveitarfélögin skipuleggja og stuðla að framboði á byggingum og heimila endurbyggingu húsnæðis. Einnig bera þau ábyrgð á því að þeir sem standa höllum fæti hafi aðgang að fullnægjandi og góðu húsnæði.
- Einstaklingar/félög eiga, byggja og stýra sínum eigin húsnæðisverkefnum.

Stöðugleiki á húsnæðismarkaði og í byggingariðnaði, sem og framboð af fullnægjandi húsnæði fyrir alla íbúa, byggir á samstarfi þessara þriggja lykilaðila.¹

Húsnæðis- og byggingardeild ráðuneytis sveitarfélaga og framþróunar (Ministry of Local Government and Modernisation) ber ábyrgð á framkvæmd húsnæðis- og byggingarstefnu stjórnvalda. Markmiðum þess er náð með fjármálalegum og lagalegum stjórnækjum, þróun samkeppnishæfni, leiðbeiningum og miðlun upplýsinga. Norski Husbanken, Mannvirkjastofnun (the National Office of Building Technology and Administration) og úrskurðarnefnd um leigumál (Rent Disputes Tribunal) vinna öll náið með ráðuneytinu.

Markmið húsnæðis- og byggingarstefnu norskra stjórnvalda eru:

- Að leita leiða til að tryggja að allir landsmenn geti búið í viðunandi og öruggu húsnæði.
- Að byggingarstefnan sé skilvirk og notendavæn.
- Að heimili, byggingar og útirými séu umhverfisvæn og byggji á algildri hönnun.

Ráðuneytið hyggst ná þessum markmiðum með því að:

- tryggja jákvæð skilyrði fyrir skilvirkan húsnæðismarkað.
- byggja upp heimili fyrir þá sem eiga í erfiðleikum að koma sér þaki yfir höfuðið upp á eigin spýtur.
- tryggja sjálfbærni, gæði, öryggi og viðhalda háum viðmiðum þegar kemur að fagurfræðilegum stöðlum í hinu manngerða umhverfi.
- hvetja til uppbyggingar á fleiri heimilum samkvæmt viðmiðum um algilda hönnun.

Helstu tæki til að innleiða húsnæðisstefnuna eru:

¹ <http://husbanken.no/english/about-the-housing-bank/the-housing-banks-role/>

- Húsnæðislöggjöf (the House-building Cooperatives Act, the Housing Cooperatives Act, the Joint Housing Ownership Act).
- Leigulöggjöf (the Landlord and Tenants Act).
- Löggjöf um forkaupsrétt sveitarfélaga (Act relating to the municipal right of pre-emption with regard to apartment blocks).
- Lán, styrkir og annar stuðningur sem Husbanken veitir.

Aðaltæki til að innleiða byggingarstefnuna eru:

- Skipulags- og byggingarlöggjöf
- Byggingareftirlit

Miðlun upplýsinga og leiðbeiningar eru mikilvægar til að ná markmiðum stefnunnar.

Annað mikilvægt atriði í norsku húsnæðisstefnunni er að sporna gegn heimilisleysi með því að bjóða upp á húsnæði fyrir þá sem ekki hafa aðgang að almennum húsnæðismarkaði, þ.e. tekjulágir, flóttamenn, fatlaðir einstaklingar eða fólk sem á í erfiðleikum að koma sér þaki yfir höfuðið af öðrum félagslegum eða fjárhagslegum ástæðum. Í þessu samhengi tekur ráðuneytið þátt í verkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna HABITAT, sem hefur það hlutverk að takast á við fátækt og afleiðingar vaxandi þéttbýlismyndunar með því að veita bágstöddum íbúum fullnægjandi húsaskjól.

2. Husbanken

Meginhlutverk Husbanken er að vera aðalstjórnþæki stjórnvalda við innleiðingu og framfylgni stefnu sinnar í húsnæðismálum. Husbanken nýtir fjármálalausnir sem stjórnþæki til að ná markmiðum stefnunnar og fylgist með umfangi þeirra og þróun með reglubundnum hætti til þess að styðja við stefnuna. Mikilvægustu fjármálalausnirnar eru fjármögnunarleiðirnar grunnlán (grunnlán), startlán (startlán), húsnæðisstyrkir (tilskudd) og húsnæðisbætur (bostøtte). Husbanken stýrir einnig bótakerfi til að endurbæta skóla og kirkjur og veitir lán til dagheimila og niðurgreiðslu stúdentagarða. Husbanken er miðstöð stefnumótunar í húsnæðismálum og tekur virkan þátt í að veita upplýsingar og leiðbeiningar með það að markmiði að þróa og efla þekkingu á húsnæðismálum.

Meginmarkmið 1: Vandaðar íbúðir og góðir byggingareiginleikar

Ríkisstjórnin greiðir fyrir uppbyggingu nýs húsnæðis sem hefur stuttan byggingartíma og einfaldar og hagkvæmar byggingaraðferðir. Á sama tíma þarf að gæta að því að fleiri íbúðir og byggingar séu í samræmi við breytta aldurssamsetningu þjóðarinnar þar sem fyrirséð er aukning eldri borgara. Íbúðir þurfa einnig að vera umhverfis- og vistvænar og styðja við stefnu stjórnvalda í umhverfis- og loftslagsmálum. Í því samhengi greiðir ríkisstjórnin fyrir endurbætur á húsnæði með tilliti til nútímaparfa og áskorana í umhverfismálum.

Husbanken býður upp á fjármálalausnir sem styðja uppbyggingu og uppfærslu eldra húsnæðis til að auka gæði íbúðanna, gera þær umhverfis- og vistvænni og uppfylla kröfur um algilda hönnun. Þörfin fyrir aðgengilegra húsnæði eykst með vaxandi hlutfalli aldraðra.

Styrkir eru veittir til aðlögunar eldra húsnæðis, t.d. með því að setja upp lyftur og gera það aðgengilegt öllum og stuðla að því að íbúar geti búið lengur heima. Husbanken forgangsraðar slíkum stuðningi m.t.t. þarfa.

Meginmarkmið 2: Gera þeim sem eru illa staddir á húsnæðismarkaði kleift að eignast og viðhalda sínu eigin húsnæði.

Í velferðarstefnu í húsnæðismálum (2014-2020) koma fram meginlínur varðandi uppbyggingu félagslegs húsnæðis. Sveitarfélög þurfa að skila samræmdri tölfræði inn í húsnæðisáætlanir til að aðstoða þá sem eru í vanda á húsnæðismarkaði. Husbanken hefur það hlutverk að yfirfara og uppfæra húsnæðisstefnuna.

Barnafjölskyldur og ungt fólk sem eiga erfitt með að fjármagna eigið húsnæði (vanskelige) eru forgangshópar.

1. Ríkisstjórnin vill stuðla að því að sem flestir sem óska eftir að búa í eigin húsnæði geti átt þess kost. Það gerir hún með því að bjóða startlán og húsnæðisbætur (bostøtte) í gegnum Husbanken.
2. Ríkisstjórnin vill bjóða upp á gott framboð af hentugu leiguhúsnæði. Það gerir hún með veitingu styrkja til leiguíbúða og grunnlána (grunnlán).

Meginmarkmið 3: Stuðla að skilvirkri stjórnun í húsnæðis- og byggingariðnaði sem skal miða að því að uppfylla þarfir notenda.

1. Husbanken á að vera stjórnað með skilvirkum hætti og hafa virkt eftirlit með rekstri verkefna. Husbanken á að veita viðeigandi og tímalegar upplýsingar til hugsanlegra notenda á heimasíðu þeirra og leggja reglulega fyrir kannanir varðandi óskir húsnæðiseigenda og leigjenda.
2. Husbanken hefur það hlutverk að aðstoða sveitarfélögin að nýta fjármálatæki stjórnvalda á áhrifaríkan og markvissan hátt.
3. Husbanken á að leggja áherslu á að veita notendavæna og skilvirka rafræna þjónustu.

3. Startlán

Startlán hófu göngu sína í Noregi árið 2003. Startlán eru hagstætt lánaþyrirkomulag sem flest sveitarfélög bjóða upp á og eru fjármögnuð af Husbanken. Sveitarfélög veita lánin og geta haft mismunandi áherslur og stefnur varðandi veitingu þeirra.

Tilgangur kerfisins er að gera þeim fjölskyldum kleift að koma sér þaki yfir höfuðið sem ekki eiga þess kost með lánum á almennum markaði.

Kerfið er drifið áfram af þörf og eigendur íbúðanna þurfa að standast greiðslumat sem byggir á tekjum þeirra og útgjöldum. Yfirleitt er um að ræða kaup á notuðum íbúðum á markaði. Startlán geta einnig nýst til bygginga og endurbóta á húsnæði.

Bankarnir sjá um grunnfjármögnun og sveitarfélögin leggja til startlán upp í fulla fjármögnun. Sveitarfélögin geta einnig fjármagnað íbúðarkaupin að fullu og geta lagt saman startlán og húsnæðisstyrk til að minnka húsnæðisútgjöldin og áhættuna af kaupunum.

Startlán eru tæki til að styðja við þá sem eiga í erfiðleikum með að koma sér þaki yfir höfuðið eða að halda núverandi húsnæði. Startlán eru ætluð þeim sem þurfa á langvarandi fjárhagsaðstoð að halda og hafa ekki möguleika á að safna sér fyrir útborgun og eiga ekki kost á fullri fjármögnun húsnæðis í gegnum banka.

Startlán geta verið:

- fjármögnun að hluta til viðbótar við fjármögnun frá banka.
- full fjármögnun.

Ef umsækjandi getur fengið fjármögnun á almennum markaði að fullu eða að hluta til þarf hann að nýta þá fjármögnun fyrst.

Hópar sem er ætlað að styðja við með startlánunum:

- Ungt fólk sem getur ekki fengið fjármögnun í gegnum banka.
- Fjölskyldur sem hafa einungis eina fyrirvinnu.
- Barnafjölskyldur sem hafa ekki fjárhagslegar forsendur til að koma sér þaki yfir höfuðið.
- Einstæðir foreldrar
- Fatlað fólk
- Flóttamenn
- Einstaklingar sem hafa fengið dvalarleyfi af mannúðarástæðum.
- Fjölskyldur sem eru efnahagslega illa settar.
- Fjölskyldur sem eiga erfitt með að mæta útgjöldum vegna húsnæðiskostnaðar. Endurfjármögnun með startláni getur hjálpað fjölskyldunni að vera áfram með örugga og fasta búsetu.
- Fjölskyldur í almannatryggingakerfinu. Fjölskyldan er með lágar en öruggar og reglulegar tekjur og fær ekki nægjanleg lán hjá hefðbundnum bönkum. Tekjur fjölskyldunnar eru það háar að þær nægja til að greiða af startláni og mæta öðrum nauðsynlegum útgjöldum.
- Íbúðalántakendur í greiðsluvanda: Fjölskyldan er með háa vexti á húsnæðisskuldum og öðrum skuldum og er í hættu að missa eignina á nauðungarsölu. Fjölskyldan

stendur ekki undir greiðslubyrði skulda en getur staðið undir greiðslum startlána og haldið heimilinu með því að endurfjármagna lánin.

- Fjölskyldur sem eru með félagsleg eða heilsutengd vandamál og vantar eigið húsnæði.

Startlán eru veitt til:


- að kaupa íbúð.
- að kaupa og endurbæta húsnæði.
- að endurbæta/endurfjármagna núverandi húsnæði.
- að fjármagna byggingu nýrrar íbúðar (til viðbótar við bankalán).

Startlán eru venjulega notuð til kaupa á notuðu húsnæði. Árið 2016 átti þetta við um 71% af fjölda lána. Annar mikilvægur tilgangur þeirra er endurfjármögnun á dýrum lánnum, svo að fjölskyldan geti haldið áfram að búa í húsnæðinu. Ákveðin tilfærsla hefur átt sér stað í Noregi milli kaupa og endurfjármögnunar, þar sem hún hefur aukist frá árinu 2015. Þessi þróun bendir til þess að startlánin séu sífellt að verða mikilvægari sem hjálparaðgerð fyrir þá sem eru illa staddir, í samræmi við tilgang reglugerðarinnar. Tekjulág heimili eru sérstaklega viðkvæm fyrir dýrum lánnum og endurfjármögnun með startláni getur verið það sem þarf til að tryggja öruggt húsnæði til langs tíma. Forgangurinn sem barnafjölskyldum er gefinn er góð og árangursrík hjálparaðgerð til að skapa stöðug og góð uppvaxtarskilyrði fyrir börn með kaupum á húsnæði í góðu búsetuumhverfi.²

Startlán má einnig nota til endurbóta og til kaupa samhliða endurbótum, sem getur verið góður kostur fyrir sum heimili. Startlán er einnig veitt í tengslum við styrk til endurbóta. Samsetning startlána og styrks getur t.d. hjálpað fjölskyldum með fötluð börn að komast í viðeigandi húsnæði þar sem kostnaður við endurbætur á húsnæðinu er viðráðanlegur. Startlán sem eru veitt eingöngu til endurbóta hafa færost í vöxt í Noregi á síðustu árum.


Stærstur hluti þeirra sem fá startlán í Noregi eða 43% flytja úr leiguhúsnæði. Fast á eftir koma þeir sem flytja úr eigin húsnæði eða hafa átt hlut í húsnæðissamvinnufélagi eða 32%, þá flytja 13% úr félagslegu leiguhúsnæði og 8% frá fjölskyldu eða kunningjum.

Hlutall startlána eftir tegund



■ Kaup á íbúð ■ Endurfjármögnun ■ Endurbætur/aðlögun húsnæðis ■ Nýbygging

Húsnæðisaðstæður þegar sótt er um startlán



■ Á eigið húsnæði / í húsnæðissamvinnufélagi ■ Fjölskylda/kunningjar
■ Leiguhúsnæði ■ Félaglegt leiguhúsnæði
■ Án fasts húsnæðis ■ Annað/óþekkt

² 2016 fylgiskjal með ársskýrslu 2016. Vedlegg: Analyse av startlán.

Umsókn um startlán er send til þess sveitarfélags sem umsækjandi óskar eftir að búa í. Sveitarfélög taka ákvörðun um hvort og hversu hátt startlán er veitt. Sótt er um annaðhvort beint hjá sveitarfélögunum eða með rafrænni umsókn hjá Husbanken, sem beinir umsókninni áfram til viðeigandi sveitarfélags.

Fjárhæð startlána

- Fjárhæð startlána ræðst af greiðslugetu í greiðslumati.
- Í greiðslumati er miðað við 6,25% vexti, þ.e. talsvert hærri vexti en koma til með að vera á láninu í upphafi. Þetta er gert til þess að meta hvort umsækjendur standa undir mögulegum greiðslum ef vextir hækka mikið.
- Greiðslugetan ræðst af tekjum að frádregnum mánaðarlegum útgjöldum fjölskyldunnar.
- Startlán geta verið nýtt til að fjármagna að fullu íbúðarkaup eða sem viðbótarfjármögnun við lán á almennum markaði. Þegar um er að ræða nýbyggingu er aðeins hægt að sækja um startlán sem viðbótarfjármögnun.

Lánakjör

- Lánstími allt að 30 ár, í sérstökum tilfellum allt að 50 ár fyrir eigendur leiguhúsnæðis.
- 0,25% vaxtaálag til að mæta rekstrarkostnaði.
- Umsækjandi greiðir sveitarfélaginu fyrir umsýslu lánaafgreiðslunnar.
- Jafngreiðslulán eða jafnar afborganir.
- Afborgunarlaust tímabil í allt að 8 ár frá útgreiðsludegi.
- Vextir eru breytilegir eða fastir í 3, 5, 10 eða 20 ár eða sambland af þessu.
- Yfirleitt eru lán með breytilegum vöxtum. Hægt er að óska eftir láni með föstum vöxtum. Husbanken gefur ekki ráð um hvort vaxtarfyrirkomulagið eigi að velja en bendir á að slíkt mat sé byggt á efnahagsástandi og væntingum um þróun þess.
- Kostnaður tengdur lántöku eykst eftir því sem valinn er lengri lánstími og eftir því sem lengra afborgunarlaust tímabil er valið. Þau tímabil eru ekki í boði fyrir lán til leikskóla, útleiguíbúða, eða lána sem veitt eru með húsnæðisstyrkjum. Eða lána sem veitt eru til heimila sem eru ekki með sterka fjárhagslega stöðu og ef ekki eru horfur á að tekjur heimilisins hækki.
- Upplýsingar um vexti m.v. febrúar 2017³:

	Fast 3 ár	Fast 5 ár	Fast 10 ár	Fast 20 ár	Flytende
Mánaðlige terminer	1,647	1,913	2,462	2,755	1,519
Kvartals terminer	1,650	1,916	2,467	2,761	1,521
Halvárs terminer	1,653	1,921	2,475	2,771	1,524

³ <https://nedlasting.husbanken.no/Filer/4e7.pdf>

3.1 Umsóknarferli sveitarfélags – umsókn um startlán

Umsókn um startlán er fyllt út hjá sveitarfélagi eða á Netinu hjá Husbanken og áframsend til viðkomandi sveitarfélags. Ferlið er sem hér segir:

1. Umsókn um startlán til sveitarfélags.
2. Umsækjandi þarf einnig að sækja um lán hjá banka.
3. Bankinn og sveitarfélagið geta verið í samskiptum þegar unnið er að umsókn.
4. Sveitarfélagið getur gert kröfu um að niðurstaða greiðslumats bankans liggi fyrir og byggt sína lánveitingu ofan á fjármögnun bankans.
5. Svar við umsókn um startlán hjá sveitarfélagi:
 - Niðurstaða (lánsloforð) og viðtal hjá sveitarfélaginu.
 - Gildir í 6 mánuði.
 - Niðurstaðan getur t.d. verið að viðkomandi geti fengið allt að tveggja milljón króna lán eða 80% af virði húss allt að 1,6 milljón króna lán eða lán til viðbótar við t.d. 80% fjármögnun banka.
6. Umsækjandi sem hyggst kaupa á markaði gerir kauptilboð í samræmi við lánsloforð.
 - Ef viðkomandi kaupir yfir því verði sem kom fram í niðurstöðu umsóknar er það í lagi en hann þarf að leggja fram viðbótarfjármagn.

Í umsókn er farið yfir:

- **Fjárhagslega þætti** – tekjur, útgjöld, eigið fé. Launaseðla, staðfestingu á fjölskylduaðstæðum – fjölda í heimili.
- **Atvinnutengda þætti** – ráðningarsamning, hvort viðkomandi sé í varanlegri eða tímabundinni vinnu.
- **Heilsutengda þætti** – læknisvottorð ef umsókn byggir á heilsutengdum þáttum.
- **Lagalega stöðu í Noregi** – hvort viðkomandi hafi atvinnuleyfi.

Ef umsækjandi hættir að greiða:

- Er skoðuð staða í bankanum.
- Gert samkomulag við vinnuveitanda um að hluti af launum berist beint til Husbanken.
- Farið í uppboðsferli sem tekur að hámarki þrjá mánuði.
 - Getur staðið eftir með skuld umfram markaðsverð.

Ef umsækjandi á í greiðsluvanda:

- Leitar viðkomandi til sveitarfélags – þarf að hafa réttmætar ástæður, t.d. vegna heilsuvanda eða atvinnumissis.
- Getur fengið lánstíma á láni lengdan upp í allt að 50 ár.
- Getur fengið að greiða eingöngu vexti af láninu.
- Getur fengið að greiða lægri vexti af láninu.
- Getur sótt um styrk frá Husbanken til að greiða af láni. Markmið með húsnæðisstyrk er að aðstoða þá sem eiga í erfiðleikum að eignast fasteign eða búa áfram í eigin húsi. Styrkurinn er eingöngu fyrir þá sem búa við mesta erfiðleika og er veittur af sveitarfélögum. Styrkurinn getur verið í formi niðurgreiðslu vaxta.

3.2 Umsóknareyðublað um startlán

- Startlán.
- Startlán og bankalán.
- Styrkur til íbúðarkaupa (tilskud til etablering). Veittur af sveitarfélögum, þarfaðrífinn og eingöngu veittur til þeirra sem eru verst settir.
- Styrkur til breytinga á íbúð, t.d. vegna fötlunar eða til að uppfæra íbúð svo eldra fólk geti búið lengur heima (tilskudd til tilpasning).

1. Umsækjandi

Nafn, heimili, fjöldi barna, heildarfjöldi, fæðingarár barna, heildarfjöldi á heimili, netfang, sími, hjúskaparstaða (gift, sambúð, einstæður, fráskilin/n).

2. Grundvöllur umsóknar

Lánið er nýtt til að kaupa íbúð, til að endurfjármagna íbúð, til endurbóta á íbúð, eða til kaupa á íbúð eftir hjúskaparslit.

Núverandi staða á íbúðarmarkaði: Leigir af sveitarfélagi, leigir á almennum markaði, á eigin íbúð, á hlut í sameiginlegu húsnæði, býr hjá fjölskyldu, vandamönnum, hefur ekki fasta búsetu, býr á stofnun, er í fangelsi, býr í móttökumiðstöð.

3. Upplýsingar um tekjur og eignir

Upplýsingar um tekjur, menntun, atvinnurekanda, föst/tímabundin atvinna, starfsgrein og staða, starfsaldur hjá núverandi atvinnurekanda.

Ef viðkomandi er hjá Tryggingarstofnun tímabundið/varanlegt.

Eignir heimilisins:

Bankainnistæður og reikningar.

Virði bifreiða, báta eða slíks.

Annað.

4. Upplýsingar um fasteign

(gildir ekki ef óskað er eftir fyrirfram samþykki/lánsloforði)

Eigin íbúð:

Íbúðarréttur (borettslag).

Tegund íbúðar: Einbýlishús, raðhús, smáhús, parhús, fjölbýlishús.

Fjöldi herbergja, fermetrastærð, íbúðarnúmer.

Heimilisfang og póstnúmer.

Kaupverð, endurbótarkostnaður, fjárhæð lána, (verditakst).

Tryggingar.

Orkumerking.

5. Ef um er að ræða endurfjármögnun

Upplýsingar um núverandi skuldir.

Lánastofnun, lánsnúmer, fjárhæð, eftirstöðvar, greiðsla pr. mán.

6. Fjármögnunaráætlun

Startlán fjárhæð – lánstími sem óskað er eftir, 5-50 ár. Jafnar afborganir, jafngreiðslulán.

Lán frá banka – lánstími sem óskað er eftir, 5-50 ár. Jafnar afborganir, jafngreiðslulán.

Styrkur til endurnýjunar.

Eigið fé.

Áætluð fjárhæð eigin vinnu á byggingartíma.

Önnur fjármögnun.

Kostnaður, s.s. þinglýsingar og lántökugjöld.

7. Fjárhagsáætlun heimilisins

Öll mánaðarleg útgjöld heimilisins.

Öll lán tilgreind – lánastofnun – fjárhæð – mánaðargreiðsla.

Skuld á kreditkort.

Tryggingar.

Útgjöld til sveitarfélagsins.

Húsaleiga.

Útgjöld vegna leikskóla, skólamötuneytis og íþrótt barna.

Greitt meðlag.

Samgöngukostnaður, kostnaður vegna bifreiðar.

Annar kostnaður.

8. Mánaðarlegar tekjur heimilisins

Tekjur, tryggingarbætur, barnabætur, meðlag, húsnæðisbætur, aðrar tekjur.

Skattar og skattafrádráttur og samtals útborgaðar tekjur.

Tekjur að frádregnum kostnaði þurfa að duga til fyrir framfærslu

Fylgigögn með umsókn:

- Skattframtal síðasta árs.
- Launaseðlar/tryggingarbætur tveggja síðustu mánaða.
- Staðfesting á öðrum tekjum.
- Staðfesting á annarri fjármögnun og eigið fé.
- Afrit af gildu auðkenni.
- Þegar við á:
 - Greiðsluseðlar annarra lána en húsnæðislána.Ef um er að ræða heilsubrest eða fötlun:
 - Læknisvottorð eða skýrsla um félagslega stöðu umsækjanda.Ef um er að ræða kaup á íbúð:
 - Kauptilboð/söluýfirlit.
 - Ástandsskýrsla.Ef um er að ræða byggingu:
 - Lóðarsamningur.
 - Afrit af teikningum.
 - Verksamningar.
 - Áætlun um heildarbyggingarkostnað.Ef um er að ræða skilnað/sambúðarslit:
 - Skilnaðarsamningur, skiptasamningur.
 - Upplýsingar um forræði barna.

4. Vinnsla umsókna um startlán hjá sveitarfélögum⁴

Árangursrík beiting startlána getur haft í för með sér lækkun á kostnaði í félagsþjónustu og lækkun útgjalda tengdum hjúkrunar- og elliheimilum, og fækkað biðlistum eftir félagslegum úrræðum sveitarfélaga.⁵

Samkvæmt niðurstöðu könnunar sem gerð var meðal sveitarfélaga í Noregi árið 2012 er umsóknarferli startlána úthýst til velferðar- og vinnumálastofnunar í um 30% tilfella.

Þegar umsóknarferlið er innan sveitarfélags er lánaákvörðunin í höndum fulltrúa þess í um helmingi tilfella, og að öðrum kosti í höndum stjórnenda eða stjórnámálanna.

Ríflega 60% sveitarfélaga höfðu á árinu 2012 samþykkt vinnureglur til úthlutunar startlána.

- Í 50% tilfella í þeim tilgangi að auka skýrleika og ítarleika reglnanna.
- Í 45% tilfella til að útvíkka umfang húsnæðisstuðnings.

Algengustu skilyrði eða skilmálar sem sveitarfélög hafa sett í reglur um úthlutun startlána:

- Að keypt sé húsnæði í viðkomandi sveitarfélagi.
- Fjárhagslegir mælikvarðar (greiðslugeta umsækjenda).
- Hjá helmingi sveitarfélaga eru kröfur um veðhlutfall.

Helsta gagnrýni á framkvæmd sveitarfélaga við veitingu startlána er skortur á að fjármunum sé forgangsraðað í þágu þeirra verst settu.

Ef íbúð er seld á uppboði, og töpuð krafa án veðs stendur eftir óuppgerð, skipta sveitarfélögin og ríkið tapinu. Sveitarfélagið greiðir fyrstu 25% af töpuðu kröfunni og ríkið greiðir 75% af henni.


⁴ Proba-rapport 2012. Kommunenes retningslinjer og praksis for startlán. Tekið af:

http://biblioteket.husbanken.no/arkiv/dok/Sum/Kommunenenes%20retningslinjer_startlan_sum.pdf


⁵ Astrup, Monkerud, Ruud, Aarland. NIBR-rapport 2015:27. Kommunenes praktisering av startlánsordningen – effekter av den nye forskriften.

5. Tölfræðigögn um startlán⁶

Þróun startlána í fjölda og fjárhæðum á árunum 2006-2016




Þróun startlána eftir hópum 2014-2016




Hóparnir á myndinni hér að ofan skarast að hluta til, þannig að ákveðnir einstaklingar sem hafa fengið startlán hafa verið skráðir í mörgum notendahópum.

⁶ Viðhengi með ársskýrslu 2014 (Vedlegg IV Analyse av startlán). Tekið af: <https://husbanken.no/om-husbanken/arsrapporter/> og óútgefinn viðauki með ársskýrslu 2015 um sama efni.


Hlutföll startlána eftir tegund árin 2014-16




Startlán eftir aldurshópum 2014-2016




Hlutfall 100% startlána og þeirra sem eru til viðbótar við bankalán




Startlán með föstum eða breytilegum vöxtum



Synjunarástæður 2014-2016



Samspil startlána, húsnæðisstyrkja og húsnæðisbóta 2014-2016



6. Aðrar lánaafurðir Husbanken

Aðrar meginafurðir Husbanken eru húsnæðisstyrkur og grunnlán. Norðmenn hafa einnig lagt til styrki til að setja upp lyftur í húsnæði frá árinu 2008.

6.1 Grunnlán (grunnlån)

Grunnlán Husbanken eru veitt til að stuðla að því að bæta gæði bygginga, auka sjálfbærni⁷ og vistvæni húsnæðisins og auka aðgengi að húsnæðinu (algild hönnun). Allar breytingar á íbúðunum verða að uppfylla byggingareglugerðir og gæðastaðla sem gilda um húsnæði. Hægt er að fjármagna allt að 80% af kostnaði við verkefni nýbyggingar. Grunnlán getur fjármagnað allt að 100% af kostnaði við uppfærslu á eldra húsnæði, svo fremi sem lánið sé innan við 90% af verðmæti fasteignarinnar eftir uppfærsluna.

Grunnlánið er veitt til að uppfæra eða endurnýja eldra húsnæði en er einnig í boði til að byggja nýtt húsnæði. Skilyrði þess að fá grunnlán er að uppfylla reglur um algilda hönnun (Universal design) og kröfur um að húsnæðið teljist umhverfissvænt eða orkusparandi.

Grunnlánið er með hagstæða skilmála og er hentugt fyrir þá sem vilja gera núverandi íbúðir umhverfissvænni og fara í orkusparandi breytingar.

Allir geta sótt um grunnlán. Til að fá lánið þarf viðkomandi að hafa fastar tekjur og viðunandi greiðslugetu.

Umsóknum um grunnlán er forgangsraðað og lögð er áhersla á:

1. lán til leiguíbúða, m.a. til flóttamanna.
2. endurnýjun á félagslegum íbúðum, m.a. fyrir eldri borgara og undir tekju- og eignamörkum.
3. aðrar félagslegar ástæður.
4. aðra uppfærslu á núverandi íbúðum.
5. tilraunaverkefni eða nýjungar.

Lánakjör

1. Lánstími allt að 30 ár, í sérstökum tilfellum allt að 50 ár fyrir eigendur leiguhúsnæðis.
2. Jafngreiðslulán.

⁷ Sjálfbær bygging ...

- er endingargóð og sveigjanleg.
- er hönnuð með líftíma byggingar í huga varðandi umhverfisáhrif og heildarkostnað.
- nýtir rými á hagkvæman hátt.
- tryggir heilnæmt innloft, lýsingu og hljóðvist.
- veldur minni úrgangi á byggingartíma og í rekstri.
- er byggð úr vistvænum byggingarefnum.
- nýtir vel orku, vatn og aðrar auðlindir.
- stuðlar að vistvænum samgöngum og aðgengi fyrir alla.
- stuðlar að vistvænum og hagkvæmum rekstri.

Tekið af: <http://www.fsr.is/samstarf/vistaenarbyggingar/> þann 30.01.2017

3. Grace-tímabil (engar greiðslur) í allt að 8 ár frá útgreiðsludegi.
4. Fastir vextir í 3, 5, 10 eða 20 ár eða breytilegir vextir eða sambland af þessu.
5. Yfirleitt eru lán með breytilegum vöxtum. Hægt er að óska eftir láni með föstum vöxtum. Husbanken veitir ekki ráðgjöf um hvora vextina eigi að velja en bendir á að slíkt mat sé byggt á efnahagsástandi og væntingum um þróun þess.
6. Upplýsingar um vexti m.v. febrúar 2017⁸:

	Fast 3 ár	Fast 5 ár	Fast 10 ár	Fast 20 ár	Flytende
Mánedlige terminer	1,647	1,913	2,462	2,755	1,519
Kvartals terminer	1,650	1,916	2,467	2,761	1,521
Halvárs terminer	1,653	1,921	2,475	2,771	1,524

⁸ Tekið af: <https://nedlasting.husbanken.no/Filer/4e7.pdf>

6.2 Húsnæðisbætur (bostøtte)

Húsnæðisstuðningur er tekjutengdur stuðningur sem ætlaður er þeim sem hafa lágar tekjur og há húsnæðistengd útgjöld.

Þeir sem geta fengið húsnæðisstuðning eru:

- eldri en 18 ára.
- gegna ekki herskyldu.
- eru ekki námsmenn.

Þeir sem geta samt sem áður óskað eftir húsnæðisstuðningi eru:

- námsmenn með börn.
- nemendur í rannsóknarvinnu eða starfsnámi.
- nemendur sem ekki hafa rétt á láni hjá Lánasjóði námsmanna.
- foreldrar námsmanna sem búa heima.
- foreldrar einstaklings í herþjónustu sem ekki býr heima.
- einstaklingar undir 18 ára og með börn á framfæri.

Húsnæðið

- þarf að vera sjálfstæð íbúð með sérinngangi.
- Verður að innihalda salerni.
- þarf að hafa eldhús og svefnaðstöðu.

Þó að viðkomandi uppfylli ekki ofangreint getur hann samt sem áður sótt um ef hann:

- býr í sambýli (bokollektiv), með öðrum í íbúð á vegum sveitarfélagsins.
- býr í eigin sambýli (privat bokollektiv) þar sem hann er með félagsleg, efnahagsleg eða heilsutengd vandamál, t.d. flóttamenn eða þeir sem hafa þörf fyrir heimaþjónustu.
- Sveitarfélagið þarf að staðfesta að húsnæðið sé hentugt sem sambýli og hentugt fyrir umsækjandann.

Tekjuviðmið

Það skapast ekki réttur til þess að þiggja húsnæðisstyrk ef tekjur eru yfir viðmiðunarmörkum. Þetta gildir óháð því hver húsnæðisútgjöld viðkomandi eru. Tekjur og eignir barna eru ekki tekin með í slíka útreikninga.

6.2.1 Útreikningur húsnæðisbóta

Samþykkt útgjöld

- útgjöld sem heimilið þarf að standa straum af (eigin hluti)

= Samtals * 73,7% = húsnæðisbætur

Útgjöld tengd húsnæði sem hægt er að fá húsnæðisbætur vegna:

- Húsaleiga vegna leiguíbúða.
- Sameiginlegur kostnaður og greiðslur lána (afborganir, vextir og gjöld) til fjármögnunar á íbúðarhúsnæði í búseturéttaríbúð (borettslag).
- Fyrir aðrar íbúðir eru veittar húsnæðisbætur vegna eftirfarandi útgjalda:
 - Rekstrargjalda 12.000 kr. á ári (*82=984.000 ISK).
 - Útgjöld til vaxta, afborgana og gjalda til fjármögnunar á íbúðinni.
 - Útgjöld til sveitarfélaga.
 - Eignarskattur.
